

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 19. júní 2018

Yfirlýsing Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna endurskipunar í embætti framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Landssamtök íslenskra stúdenta, LÍS, lýsa yfir miklum vonbrigðum með vinnubrögð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins við endurskipun í embætti framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna, LÍN.

LÍS leggja áherslu á að gagnsæi og fagmennska séu ætíð höfð að leiðarljósi í starfsemi ráðuneytisins en þessi vinnubrögð endurspeglu ekki þau gildi. Leitast skal í hvítetna við að finna og skipa hæfasta einstaklinginn í öll embætti út frá faglegum forsendum. Hlutverk lánasjóðsins er að þjóna sem félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir jafnt aðgengi allra að háskólamenntun óháð efnahag og á undantekningalaust að standast slíkar væntingar. Krafa stúdenta um að starf framkvæmdastjóra LÍN sé auglýst þegar ráðningartímabili lýkur í hvert sinn verður að teljast eðlileg þar sem málefni Lánasjóðsins standa þeim mjög nærri. Einungis er hægt að tryggja það með því að viðhafa gegnsætt og opið ráðningarferli. Mennta og -menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, hafði sjálf orð á því á landsþingi LÍS í mars síðastliðnum að hennar stefna væri að auglýsa í stöður sem þessar og eru það því enn frekari vonbrigði að sú sé ekki raunin.

Stúdentar mótmæla þessari ákvarðanatöku og krefjast þess að horfið verði alfarið frá vinnubrögðum sem þessum sem stríða gegn lýðræðislegri, opinni og upplýstri stjórnslu.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir